

**South Winchester Golf Club.** South Winchester golfvöllurinn er hannaður af þeim Dave Thomas og Peter Alliss og er í anda Links valla (link style course) Undirlag vallarins er mjög gott og gerir það að verkum að bleyta sígur mjög vel úr vellinum og sökum þess geta kylfingar af öllum getustigum spilað við góð skilyrði allt árið. Þó völlurinn sé á 210 ekrum lands er möguleikinn á að spila færri holur en 18 ávallt fyrir hendi vegna þess hve klúbbhúsið er staðsett miðsvæðis á vellinum og nálægt 9 flötinni með yfirsýn yfir 18 flötina. Völlurinn liggur um grösugar hlíðar ásamt með sex vötnum og býður uppá léttu göngu og frábært útsýni.

Fyrsta holan er góð byrjunar hola þar sem ráðandi vindátt hjálpar við að eiga gott upphafshögg. Brautin mjókkar því lengra sem upphafshöggið er, þar sem vel staðsettar glompur til sitt hvorrar handar eru tilbúnar að taka við vel heppnuðu upphafshöggi. Aðkoman að flötinni er upp í móti og spilast oftast nær lengri en sýnist



Önnur holan er stysta hola vallarins og er mjög krefjandi þar 3. Höggið krefst þess að bæði stefna og lengd sé í lagi ef takast á að hitta nýrnalaga flötina.



Þriðja holan er niður halla þar 5 þar sem er hægt að ná inn á flöt í tveim höggum fyrir þá sem slá langt en þar sem flötin er fremur lítil er betra að vera nákvæmur. Innáhöggið getur verið mjög erfitt en best er að nálgast flötina frá hægri.



Fjórða holan er löng par 4 sem liggur um þröngan dal með fjórum vel földum glompum sem ætlað er að gleypa afvegaleidd upphafshögg. Aðkoman að flötinni krefst þess að innáhöggið sé nákvæmt og vel hitt vegna þröngrar aðkomu að flötinni.



Fimmta holan er einnig undan halla. Í upphafshögginu þarf að slá yfir víðáttumikinn óræktar pytt og landingarsvæðið er á mjókkandi braut. Þó svo að flötin sé mjög stór er ekki auðveld að hitta hana. Þessi hola á það met að vera lengsta par 4 í Evrópu þar sem farin hefur verið hola í höggi 394 yardar



Sjötta hola á þessari holu er ráðandi vatn meðfram allri brautinni og öll högg sem leita til hægri eða eru stutt eru í hættu. Best er að miða á vinstri brún flatarinnar og láta hallann leiða boltann inn á flöt



Sjöunda holan er þar 5 með vallarmörk alla leið vinstra megin. Leikmenn verða að leggja upp fyrir innáhöggið vegna þess að vatn og þrjár glompur verja upphækkaða flötina sem er á tveimur hæðum.



Áttunda holan er ekki eins auðveld og hún sýnist. Því lengra sem upphafshöggið nær því nákvæmara þarf höggið að vera og aðkoman að upphækkaðri flötinni krefst nákvæmni í innáhögginu.




Níunda holan er skráð sem erfiðasta holan á vellinum glompa er staðsett við enda brautarinnar og tekur við lengri upphafshöggunum en við enda brautarinnar hægra megin er vatn. Innáhöggið er síðan erfitt inná vel varða upphækkaða flötina sem varin er af tveim glompum á vinstri hönd og vatni hægra megin.




Tíunda holan er stutt í hundslöpp til hægri . Þeir sem slá langt af teig þurfa að vera nákvæmir á stefnu höggsins. Flötin hallar í átt að aftari hluta flatarinnar svo þörf er á að vera vel staðsettur fyrir innáhöggið eða lenda boltanum stutt og láta hann renna inn á flötina.



Ellefta holan er par 3 yfir óræktarpytt með stórri flöt á tveim hæðum þannig að teighöggið þarf að ná inná þar sem svæðið framan við flötina en þröngt og afgirt glompum.



Tólfta holan er löng par 5. Brautin sveigir lítillega til til hægri og hallar lítillega og gerir upphafshöggið erfiðara en ella. Annað höggið krefst hugrekkis vegna vel staðsettra glöpnna. Inná höggið verður að ná inná flöt því aðkoman er þröng og glompur til hliðar og framan við flötina.



Prettánda holan er erfið par 4. Þeir sem slá langt af teig verða að passa sig á þremur glompum staðsettum miðsvæðis á brautinni. Kjörstaða fyrir innáhögg er hægra megin sem auðveldar höggið inná flötina sem hallar frá vinstri.



Fjórtaða holan liggur í hundslöpp til hægri. Brautin hallar til vinstri svo besta upphafshöggið er högg sem sveigt er frá vinstri til hægri annars er hætta á að lenda í brautarglompunum. Flötin er upphækkuð og er vel varin af stórrí glompu framan við flötina.



Fimmtánda holan er löng par 4 og liggur niður halla og telst vera "einkennis hola vallarins" signature hole". Af teignum er horft yfir vatn sem liggur hægra megin brautarinnar, best er að miða upphafshögginu á stakt eikartré vinstra megin á brautinni og láta boltann fljúga frá vinstri til hægri. Innáhöggið spilast fekar styttra en það sýnist og krefst þess að höggið sé gott þannig að það stoppi á flötinni sem hallar frá fremri hlutaflatarinnar.



Sextánda holan er frekar bein par 4. Upphafshöggið er yfir lítið vatn of glompa er á vinstri hönd. Innáhöggið er uppí móti alla leið að flötinni sem varin er af djúpri glompu hægra megin.



Sautjándan holan er par 3 og hallar niður í móti en spilast oftast á móti ríkjandi vindátt. Flötin er nokkuð stór með djúpri glompu framan við og aðeins upphækkun bakatil. Þetta er flöt sem nauðsyn er að hitta þar sem erfitt getur verið að chippa inná flötina.



Átjándan holan er par 5 sem liggur í hundslöpp til vinstri og flötin liggur framan við Klúbbhúsið. Hægt er að ná inná í tveim höggum fyrir þá sem slá lengra, frábær hola fyrir þá sem eru til í að taka sénsinn, vallarmörk ,vatn og glompur eru tilbúnar að refsa ef menn gerast djarfir, en á sama hátt hægt að skora vel fyrir þá sem vilja spila af skynsemi og leggja upp.

